



Umsögn Slow Food Reykjavík (SFR) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, (veiðistjórn grásleppu) í Samráðsgátt stjórnvalda mars 2023.

Slow Food Reykjavík leggur áherslu á að fullnýting grásleppu verði tryggð í lagatexta. Mikilvægt er að allur fiskurinn komi á land til fullnýtingar. Fiskveiðar geta aldrei talist sjálfbærar nema fullvinnsla afurða komi til. Ríkisvaldið verður að setja skýrann ramma og styðja í framhaldinu við nýsköpun sem stuðlar að verðmætaaukningu hliðarafurða á hrognkelsisveiðum.

Stjórn SFR fagnar því að í lagatexta sé tekið tillit til menningarlegra arfleifðar sem í grásleppuveiði felst. Jafnframt er jákvætt að tekið sé tillit til þess að dreifing veiðisvæða sé tryggð.

Stjórn SFR vill vara við mögulegri samþjöppun á veiðiheimildum sem geta orðið við kvóta setningu. Í núverandi lagatexta á 2% reglan að taka á því en tryggja þarf að það haldi til langrar framtíðar og aflaheimildir verði ekki að braskvöru útgerða líkt og sagan hefur sýnt okkur að geti gerst.

Reykjavík 20. mars 2023
f.h stjórnar Slow Food Reykjavík

Dóra Svavarsdóttir
Formaður
slowfood@slowfood.is